

ATH! Breyting um áramót



Grímsnes- og Grafningshreppur

Í heimsendu dagatali er rangur opnunartími í vetraropnun, hægt er að fá límmiða á skrifstofunni til þess að leiðrétta opnunartímann.

~~| OPNUNARTÍMAR | | | | | | |
|--|------------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|
| GÁMASTÖÐVARINNAR SEYÐISHÓLUM | | | | | | |
| Vetraropnun - 1. september til 30. apríl | | | | | | |
| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
| Lokað | 13-15 | Lokað | 13-15 | 13-16 | 13-15 | Lokað |~~

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámostöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámostöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Þorrablót 2017

Okkar árlega þorrablót verður haldið
í Félagsheimilinu Borg föstudaginn 27. janúar 2017.
Húsið opnar kl. 19:30 og borðhaldið hefst stundvíslega kl. 20:00.

Aldurstakmark á þorrablótið miðast við þá sem verða
16 ára á árinu 2017.

Jón Bjarnason mun leika fyrir dansi
og maturinn verður frá Veislupjónustu Suðurlands.
Miðapantanir eru hjá

Maju Sigrúnu í síma 898-5068

Einnig má panta miða á netfanginu thorrablot.hvot@gmail.com

Miðaverð kr. 6.700 og þarf að vera búð að panta og greiða miða
í síðasta lagi **mánudagskvöldið 23. janúar.**

Vinsamlega leggið greiðslur inn á
reikning 152-05-266188, kennitala 210875-4419
og sendið staðfestingu um greiðslu á netfangið
thorrablot.hvot@gmail.com

ATH: Barinn verður EKKI opinn.





Nýárspistill oddvita

Grímsnes- og Grafningshrepps 2017

Ágætu lesendur, gleðilegt nýtt ár og takk fyrir liðin ár.

Á árinu sem er að líða er margs að minnast og þá kannski helst á pólitíska sviðinu í landsmálunum. Það hefur óneitanlega sett talsverðan svip á samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Helstu málefni sem eru í okkar nærsamfélagi er að endurskoðun aðalskipulagsins stendur yfir og eru ýmis mál sem komið hafa upp í ferlinu þannig að heldur hefur dregist að ljúka verkinu. Stefnt er að kynningu á breyttu aðalskipulagi í upphafi ársins þannig unnt verði að koma skipulaginu í auglýsingu með vorinu. Samhliða því hefur verið unnið að uppfærslu á skráningu fornleifa sem mun verða hluti af skipulaginu. Unnið hefur verið að undirbúningi að uppbyggingu ljósleiðarakerfis í sveitarfélaginu í samstarfi við nágranna okkar í Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi. Stefnt er að bjóða út fyrsta áfanga á vordögum svo framarlega sem framlag fáiist úr fjarskiptasjóði, en það mun skýrast í lok janúar. Uppbygging á þessum innviðum eru að verða helsta byggðarmál í dreifbýli. Með fjölgun ferðamanna hefur umferð aukist umtalsvert í okkar samfélagi og höfum við ítrekað beint því til Vegagerðarinnar að huga að umferðaröryggi á svæðinu og aukningu á þjónustu á vegakerfinu en því miður sést það ekki í framlögum ríkisins til samgöngumála í nýsamþykktum fjárlögum. Það er talsvert áhyggjuefni þar sem vegakerfið virðist ekki þola allt þetta álag og margir vegir hér um slóðir kalla á talsvert viðhald.



Íþróttamiðstöðin Borg

Mánudaga - Fimmtudaga

kl. 14-22


Föstudaga

Lokað

Laugardaga – Sunnudaga

kl. 11-18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530



SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Félagsheimili	855 5800



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur
 Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
 Email: verktaki89@gmail.com
 Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
 Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
 LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

Á árinu 2016 létu af störfum okkar tryggu og traustu heilsugæslu-
 læknar þeir Gylfi og Pétur, vil ég fyrir hönd okkar samfélags
 þakka þeim fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina, Pétur hóf störf
 1983 í Laugarási og Gylfi 1984.

Talsverðar framkvæmdir hafa verið í vatnsveitum sveitarfélagsins
 á síðastliðnu ári var það bæði í köldu og heitu vatni. Nauðsynlegt
 verður á þessu ári að tryggja enn frekar aðgang að köldu vatni, en
 á tímabili í sumar urðum við að grípa til skömmtunar á köldu
 vatni. Með framkvæmdum á Björk sem fyrirhugaðar eru í vor
 vonumst við til að ekki þurfi að koma til þess aftur.

Á árinu var lögð fram tillaga um að skoða kosti þess að sameina
 Árnessýslu í eitt sveitarfélag. Nauðsynlegt er að ræða hvernig
 sveitarstjórnarstigið þróast til framtíðar, hvort auknum verkefnum
 verði mætt með auknu samstarfi eða sameiningu. Eins og staðan
 er í dag er umfangsmikill rekstur sveitarfélagsins vistaður í
 byggðarsamlögum eða samstarfsverkefnum, Grímsnes og Graf-
 ningshreppur er aðili að 19 byggðarsamlögum eða samstarfsverk-
 efnum. Takmörkuð aðkoma kjörinna fulltrúa er að daglegum
 rekstri þessara félaga. Þegar í hinu orðinu er rætt um eflingu
 sveitarstjórnarstigsins er niðurstaðan sú að bæta við byggðarsam-
 lögum eða vista verkefnið hjá landshlutasamtökunum, sem er
 ómeðvitað að breytast í þriðja stjórnsýslustigið. Það er von mín að
 umræðan verði málefnaleg og málin skoðuð frá öllum sjónar-
 miðum og kjörnir fulltrúar fái veganesti inn í framtíðina er varðar
 framtíðarsýn á þau málefni er snúa að rekstri sveitarfélagsins.
 Þessi mál verða kynnt á næstu mánuðum hvernig samtalinu og
 vinnunni verði háttað.

Ég vil þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir ánægjulegt samstarf
 á árinu sem var að líða.

Gunnar Þorgeirsson, oddviti.



FUNDARGERÐ.

401. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. desember 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. nóvember 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. nóvember 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 39. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð kjörstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Húsnæðisbætur

Þann 1. janúar s.l. tóku gildi ný lög um húsnæðisbætur og mun Greiðslustofa húsnæðisbóta taka við því hlutverki að greiða húsnæðisbætur fyrir landið allt.

Þjónustuskrifstofan er staðsett á Sauðárkróki og hóf formlega starfsemi þann 16. nóvember s.l.

Opnað var fyrir umsóknir þann 21. nóvember s.l.

Þá er einnig búið að opna heimasíðu með upplýsingum og reiknivél fyrir húsnæðisbætur:

www.husbot.is

En einnig er hægt að nota:

www.husnaedisbaetur.is



Saumakompan Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



FERSKAR KRYDDJURTIR

TÚLÍPANAR, MUNIÐ BÓNDADAGINN

Opið er alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.



Kæru heldriborgarar!

***Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags- og fimmtudagsmorgnum***

frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !

c) Fundargerð kjörstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. október 2016.

Lögð fram fundargerð kjörstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 29. október 2016. Í Grímsnes- og Grafningshreppi greiddu alls 264 atkvæði í nýafstöðnum kosningum til Alþingis, þann 29. október s.l. Á kjörstað mættu alls 207 manns þar af 109 karlar og 98 konur. Utankjörfundaratkvæði voru 57. Á kjörskrá voru 328 aðilar, 180 karlar og 148 konur og því er kjörsókn í sveitarfélaginu 80,5%. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 122. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 24. nóvember 2016.

**Mál nr. 1, 2, 3, 4, 15 og 17 þarfnast staðfestingar
sveitarstjórnar.**

Lögð fram 122. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 24. nóvember 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 1: 1501013 - Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10:
Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóða nr. 1-40 við Ásabraut og Lokastíg 1-10 úr landi Ásgarðs. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dags. 4. október og gefinn frestur til 1. nóvember til að koma með athugasemdir. Eitt athugasemdarbréf barst og varðar afmörkun Ásabrautar 17 og 19. Þá liggur fyrir umsögn skipulagsráðgjafa um innkomna athugasemd í bréfi, dags. 17. nóvember 2016. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

**Mál nr. 2: 1611047 - Kóningsvegur 21 lnr 169352, Kóningsvegur
21A lnr 220186 og Farbraut 5 lnr 169393: Breytt deiliskipulag:
Fyrirspurn.**

Lögð fram fyrirspurn eigenda Kóningsvegur 21a úr landi Norðurkots um breytingu á deiliskipulagi svæðisins sem m.a. felst í að byggingarreitur á hluta lóðarinnar verði í 5 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Einnig er gert ráð fyrir að stærð og afmörkun lóðanna Kóningsvegur 21 og 21a og Farbraut 5 breytist lítillega.

Einnig er lagt fram bréf, dags. 29. október 2016 með rökstuðningi fyrir breytingunni auk tillögu að breytingarupphætti. Sveitarstjórn hafnar breytingunni þar sem hún er í ósamræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar um fjarlægð mannvirkja frá lóðarmörkum í frístundabyggð. Hægt er að sækja um undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar en almennt er miðað við að sækja eingöngu um undanþágu þegar erfitt er eða ómögulegt að byggja án undanþágu. Það á ekki við í þessu tilviki þar sem byggingarreitun er stór.

Mál nr. 3: 1602016 - Bíldsfell 6 land 5 lnr. 220399: Frístundasvæði: Deiliskipulag.

Fyrir liggur lagfærð tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóða á spildu úr landi Bíldsfells, land sem heitir Bíldsfell 6 land 5. Tillagan var auglýst 1. september 2016 með athugasemdafresti til 14. október 2016. Nokkrar athugasemdir bárust sem að meginefni varða vegtengingu við spildur sunnan við deiliskipulagssvæðið og var afgreiðsla málsins frestað á fundi sveitarstjórnar þann 9. nóvember 2016. Nú er tillagan lögð fram að nýju með þeirri breytingu að vegur innan skipulagssvæðis tengist núverandi slóða. Þar sem deiliskipulagið hefur ekki áhrif á aðgengi að lóðum sunnan deiliskipulagssvæðisins samþykkir sveitarstjórn samhljóða deiliskipulagið með ofangreindri breytingu.

Mál nr. 4: 1611048 - Arnarbæli 1 168227: Grímsnesi: Afmörkun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Grétars Ottó Róbertssonar, dags. 16. nóvember 2016 þar sem óskað er eftir staðfestingu á hnitsettri afmörkun jarðarinnar Arnarbæli 1. Í fasteignaskrá er jörðin án stærðar en skv. lóðablaði er hún 417,5 ha. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun jarðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lands á lóðarmörkum auk þess sem koma þarf fram kvöð um aðgengi eigenda Arnarbælis 2 að sínu landi.

Mál nr. 15: 1611050 - Rangárþing Ytra: Vindrafstöðvar: Aðalskipulagsbreyting: Umsagnarbeiðni.

Lögð fram til umsagnar lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings Ytra sem varðar afmörkun iðnaðarsvæðis á

**Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin máudaga - föstudaga
frá kl: 8:00 - 15:00**

www.gogg.is

Prófaðu að auglýsa **frítt** í Hvatarblaðinu.

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reyðskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Útivistartími barna

Fjallað er um útivistartíma barna í 92. gr.
Barnaverndarlaga nr. 80/2002, þar segir:

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Sömu opinberu reglur gilda því um öll börn í sama gangi.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að takmarka útivist barna og unglinga á kvöldin. Helstar eru:

- Nægur svefn er mikilvæg forsenda góðrar heilsu, velliðunar og árangurs í skólanum. Það að vera komin heim á skikkanlegum tíma og eiga smá-stund heima fyrir háttinn hjálpar vaxandi fólki að fara fyrir að sofa.
- Þreytt og illa sofið fólk er líklegra til að lenda í slysum og óhöppum, sérstaklega þegar skyggja tekur.
- Börn og unglingar sem eru úti langt fram á kvöldin eru líklegri til að fara fyrir að fíka við tóbak, áfengi og fíkniefni.
- Alvarlegar líkamsárásir og óæskileg kynlífsreynsla eiga sér oft stað seint á kvöldin.

Reglur um útivistartíma segja til um hvað börn mega vera lengi úti en ekki hvað þau eiga að vera lengi úti. Foreldrar geta að sjálfsögðu sett sínar eigin reglur innan ramma útivistarreglna.

um 193 ha svæði norðan Þykkvabæjar. Fyrirhugað er að reisa allt að 13 vindraftstöðvar sem samtals gætu verið 45 MW. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi lýsingu, en áskilur sé rétt til að koma með athugasemdir við málið á síðari stigum þegar nákvæmari gögn um áhrif framkvæmdanna liggja fyrir, sérstaklega hvað varðar sjónræn áhrif og skugga-varp.

Mál nr. 17: 1611003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-42.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2016.

- e) **Fundargerð 17. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 2. nóvember 2016.**

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 17. fundargerð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 2. nóvember 2016.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Gjaldskrá fyrir árið 2017.

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrá ársins 2017 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi gjaldskrá.

- f) **Fundargerð 18. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 22. nóvember 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- g) **Fundargerð 11. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 22. nóvember 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- h) **Fundargerð 23. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu, 18. nóvember 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fjárhagsáætlun 2017-2020, seinni umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er tekin til lokaafgreiðslu. Niðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrarniðurstaða A-hluta tekjur umfram gjöld	75.044
Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld	56.950
Handbært fé frá rekstri A-hluti	126.008
Handbært fé frá rekstri samstæðu	128.685

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð samtals 86,7 millj. kr. Helstu liðir í fjárfestingu eru í eignasjóði, vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna fjárfestinga né sölu eigna.

Einnig liggur fyrir 3ja ára fjárhagsáætlun og eru helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2018	2019	2020
Tekjur	877.414	882.158	887.375
Gjöld	760.823	758.808	761.495
Fjármagnsgjöld	53.447	43.609	35.908
Rekstrarafgangur	63.144	79.741	89.973
Eignir	1.637.982	1.680.821	1.741.856
Skuldir	937.973	901.071	872.133
Eigið fé	700.009	779.750	869.723
Fjárfestingar (nettó)	56.000	71.000	92.000


Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2017 og framlagða 3ja ára áætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árin 2018-2020.

Kveðjuhóf til heiðurs læknum Gylfa og Pétri 12. janúar 2017 í Aratungu

Læknarnir okkar í uppsveitum Árnessýslu til meira en 30 ára, þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson eru að láta af störfum um þessar mundir. Þeir hafa verið einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að heilsufari íbúanna með miklum sóma. Það má því ekki minna vera en þeir verði heiðraðir með kveðjuhófi.

Hófið verður haldið fimmtudaginn 12. janúar 2017 í Aratungu með fjölbreyttri dagskrá og kaffiveitingum og hefst það kl 19:00
Veislustjóri verður Halldór Páll Halldórsson rektor Menntaskólans á Laugarvatni

Við vonumst til að íbúar í læknishéraðinu sjái sér fært að mæta.



Undirbúningsnefndin

Um er að ræða lækun sem nemur 102 milljónum króna sem samsvavar ríflega 10% heildar fjárheimilda lögreglunnar á Suðurlandi. Umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi er mjög stórt og viðfeðmt. Þar eru vinsælustu ferðamannastaðir landsins í byggð og óbyggð. Til grundvallar þessara fjárheimilda frá fyrra ári lá vönduð undirbúningsvinna m.t.t. fjölgunar ferðamanna og verulega aukinnar umferðar. Þegar litið er til aukinnar umferðar, og fjölgunar slysa er þessi niðurstaða með öllu óásættanleg enda skerðist verulega hvoru tveggja, almennt öryggi íbúa umdæmisins og vegfarenda. Bókunin verður send á alla þingmenn Suðurlands, fjárlaganefnd og Innanríkisráðuneyti.

14. Afrit af bréfi til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Fyrir liggur afrit af bréfi til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 14. desember 2016 um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fella niður næsta reglulega fund sveitarstjórnar þann 4. janúar n.k. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 18. janúar 2017, kl. 9:00.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 176. stjórnarfundar 02.12 2016.
- ✓ Markaðsstofa Suðurlands.
Fundargerð 4. stjórnarfundar, 05.12 2016.
- ✓ Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 06.12 2016 í tengslum við álit Persónuverndar í máli nr. 1203/2015 og vinnslu persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor.
- ✓ Neistinn, 2. tbl. 14. árg. 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:10

4. Viðauki við áætlun 2016.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2016. Viðaukinn felur í sér útgjaldaauka í rekstri að fjárhæð kr. 11 millj. og í fjárfestingum að fjárhæð kr. 37,4 millj. Þessum útgjaldaauka er mætt með sölu eigna að fjárhæð kr. 11 millj., lækun á handbæru fé minni rekstrarafgangi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka.

5. Beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna samstafsverkefnisins „Bændur græða landið“.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins til verkefnisins „Bændur græða landið“. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 30.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

6. Beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla vegna jólaballs.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla að fjárhæð kr. 30.000 vegna jólaballs þann 20. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

7. Beiðni um styrk frá Klúbbnum Strók.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Klúbbnum Strók að fjárhæð kr. 100 á hvern íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

8. Beiðni um styrk frá Aflinu vegna reksturs samtakanna.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi til reksturs samtakanna. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

9. Drög að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.

Fyrir liggja drög að sameiginlegum reglum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um sérstakan húsnæðisstuðning. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

10. Starfsstöð náms- og starfsráðgjafa.

Fyrir liggur bréf frá skólastjórum Þjórskólaskóla, Kerhólsskóla, Flúðaskóla og Bláskógaskóla í Reykholti og Laugarvatni, dagsett 21. nóvember 2016 þar sem lýst er yfir ánægju með ráðningu sameiginlegs náms- og starfsráðgjafa. Jafnframt eru sveitarfélögin sem standa að ráðningunni hvött til að endurskoða ákvörðun sína um starfsstöð náms- og starfsráðgjafans. Sveitarstjórn felur oddvita / sveitarstjóra að ræða málið á næsta fundi NOS.

11. Fjárfesting í búnaði fyrir Fjölbautarskóla Suðurlands vegna nýbyggingar við verknámshúsið.

Fyrir liggur tölvupóstur frá fagstjóra verklegra framkvæmda hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, dags. 3. nóvember 2016 þar sem óskað er eftir staðfestingu á framlagi sveitarfélaganna á árinu 2017 í búnaði fyrir FSU. Sveitarstjórn staðfestir fyrir sitt leyti að Héraðsnefnd Arnesinga án Árborgar greiði 15,2 millj. til búnaðarkaupa hjá FSU.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Vesturbrúnum 4, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 22. nóvember 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Vesturbrúnum 4, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

Til kynningar

✓ SASS. Fundargerð 514. stjórnarfundar 25.11 2016.

✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 844. stjórnarfundar, 25.11 2016.

✓ Fundargerð 178. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 14. nóvember 2016.

✓ Rauði borðinn, 38. tbl. 27. árg. 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 15. desember 2016 um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir tímabundið áfengisleyfi í hlöðunni að Efri-Brú, dagana 18. febrúar og 19. febrúar 2017. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

10. Bréf frá formanni fulltrúaráðs Sólheima, Péttri Sveinbjarnarsyni vegna ályktunar fulltrúaráðs Sólheima þann 7. desember s.l.

Fyrir liggur bréf frá formanni fulltrúaráðs Sólheima, Péttri Sveinbjarnarsyni, dagsett 13. desember 2016 vegna ályktunar fulltrúaráðs Sólheima þann 7. desember s.l. Fulltrúaráð lýsir yfir áhyggjum sínum að samningaviðræður við fulltrúa Bergrisans bs. gangi lítið sem ekkert þá 16 mánuði sem samningaviðræður hafi staðið yfir. Sveitarstjórn hvetur fulltrúaráð Sólheima til að sýna samningsvilja til að ganga frá nýjum þjónustusamningi við Bergrisann bs. Guðmundur Ármann Pétursson vék af fundi undir þessum lið.

11. Stefna Grímsnes- og Grafningshrepps á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu vegna ölögðrar skerðingar á fjárframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fyrir liggur stefna frá Óskari Sigurðssyni hrl., f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu vegna ölögðrar skerðingar á fjárframlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Stefnan lögð fram til kynningar.

12. Sparidagar á Hótel Örk og Unaðsdagar á Fosshótel Stykkishólmi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins 67 ára og eldri á Sparidaga í Hótel Örk eða Unaðsdaga á Fosshótel Stykkishólmi.

13. Tölvupóstur frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi, Kjartani Þorkelssyni vegna fjárveitinga til embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi 2017.

Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með að skv. fjárlögum ársins 2017 eru lögð niður fjárframlög til eflingar löggæslu í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi, m.t.t öryggis íbúa og ferðamanna.

4. Minnisblað um söfnun seyru – útboð.

Fyrir liggur minnisblað frá Berki Brynjarssyni, dagsett 9. nóvember 2016 vegna söfnunar á seyru og sameiginlegs útboðs í uppsveitunum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í útboðinu.

5. Minnisblað um stöðu ljósleiðaramála.

Fyrir liggur minnisblað frá Berki Brynjarssyni, dagsett 14. desember 2016 um stöðu mála á ljósleiðarvæðingu sveitarfélagsins. Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá forsvarsmönnum Þroskahjálpar um húsnæðis-áætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.

Fyrir liggur bréf frá forsvarsmönnum Þroskahjálpar, dagsett 7. desember 2016 um húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Beiðni um styrk frá Ferlir vegna heimasíðunnar www.ferlir.is

Fyrir liggur beiðni um styrk frá vefsíðunni www.ferlir.is að fjárhæð kr. 7.900 til að viðhalda vefsíðunni. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Álftavatni 1a, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 14. desember 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Álftavatni 1a, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir tímabundið áfengisleyfi.



FUNDARGERÐ.

402. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. desember 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. desember 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. desember 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 16. fundar fjallskilaneftar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. ágúst 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 17. fundar fjallskilaneftar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. desember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 123. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. desember 2016.

Mál nr. 10, 11, 12 og 18 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 123. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 8. desember 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: 1610042 - Hvítárbraut 30: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Hvítárbraut 30, dags. 27. október 2016 um leyfi til að rífa núverandi sumarhús, byggt árið 1986 og byggja nýtt. Núverandi hús er 67,8 m² en nýtt hús er 157,3 m². Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að grenndarkynna umsóknina fyrir eigendum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 11: 1611066 - Þóroddsstaðir 7 lnr 196933: Breyttur þakhalli: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðarinnar Þóroddsstaðir lóð 7 lnr. 196933, dags. 22. nóvember 2016 um hvort að heimilt verði að byggja hús með 10 gráðu þakhalla, en gildandi skilmálar gera ráð fyrir lágmarkspakhalla upp á 15 gráður. Að mati skipulagsnefndar er forsenda þess að leyft verði að byggja hús með 10 gráðu halla að deiliskipulagi svæðisins verði breytt. Er slík breyting að mati nefndarinnar óveruleg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að breyta deiliskipulagi svæðisins með vísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum innan skipulagssvæðisins og landeigenda.

Mál nr. 12: 1608018 - Ásborgir 44, 46 og 48: Ásgarður: Sameining lóða: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ásborga sem nær til lóða 44, 46 og 48. Tillagan var auglýst 13. október 2016 með athugasemdafresti til 25. nóvember auk þess sem hún var kynnt sérstaklega fyrir lóðarhöfum innan svæðisins. Tvö athugasemdabréf bárust. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til umsögn lögfræðings sveitarfélagsins um innkomnar athugasemdir liggur fyrir.

Mál nr. 18: 1611005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-43.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2016.

d) Fundargerð 41. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 8. desember 2016.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 41. fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 8. desember 2016. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Breyting á heiti byggðasamlagsins – 1612011.

Fyrir liggur tillaga um að breyta heiti byggðasamlagsins úr Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. í Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Jafnframt er gerð tillaga um að breyta léni embættisins úr www.sbf.is í www.utu.is og pósthöfundum starfsmanna úr nafn@sudurland.is í nafn@utu.is. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nýtt heiti embættisins, breytt lén og að pósthöfundum verði breytt.

e) Fundargerð 21. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 12. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 22. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 21. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Viðauki við samning um endurskoðun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

Fyrir liggur viðauki til þriggja ára við samning PricewaterhouseCoopers ehf. og Grímsnes- og Grafningshrepps um endurskoðun sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka.